

9. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila skal gjald fyrir að opna á ný vera sem svarar orkugjaldi fyrir einn mínútulíttra á mánuði.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

10. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupp-hæð og skulu gjöldin greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingu sem á nefndri vísitölu verður, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella og sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. janúar 1986 með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 463, 20. desember 1985 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 133 21. mars 1985.

Iðnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Vatnsrennsli að húsinu verður takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magn-hemli fyrir hvern mínútulíttra á mánuði

kr. 980,00

Þar til hemill hefur verið settur upp eða ef hemill bilar, áætlað hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Verði um sölu á heitu vatni að ræða í öðru formi en að framan greinir, skal verðið ákveðið hlutfallslega, skv. mæli pr. tonn kr. 49,00

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

- | | |
|---|------------|
| a) Fyrir mæla eða hemla allt að $\frac{3}{4}$ " | kr. 175,00 |
| b) Fyrir mæla eða hemla 1"—2" | kr. 350,00 |
| c) Fyrir mæla eða hemla 3" og stærri | kr. 700,00 |

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. má krefja mánaðarlega.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss utanmál (m ³)	Heimæðargjald
Allt að 400	50 000,00
400— 2000	50 000,00 fyrir 400m ³ + 40,00 kr/m ³ þar yfir
2000— 6000	115 000,00 fyrir 2 000m ³ + 35,00 kr/m ³ þar yfir
6000— 10000	255 000,00 fyrir 16 000m ³ + 30,00 kr/m ³ þar yfir
Meira en 10000	375 000,00 fyrir 10 000m ³ + 26,00 kr/m ³ þar yfir

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 6 000,00 í aukagjald fyrir hvern hemil umfram þann fyrsta.

8. gr.

Hitaveitu Suðurnesja er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist. Þó skal meðalheildarkostnaður við hitun húsa með hitaveitu ekki fara fram úr 80% af meðalheildarkostnaði hitunar með olúkyndingu.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 780,00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

IV. KAFLI

13. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1986, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 463, 20. desember 1985 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 244, 21. júní 1985.

Iðnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ**Rafveitu Hafnarfjarðar.****1. RAFORKA.**

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og á því verði er hér segir:

A. Lýsing.

1. Götu- og útilýsing. Af uppsettu afli.

Aflgjald 10 010,00 kr/kW_a

Viðhaldsgjald 10 670,00 kr/kW_a

Gjald samtals 20 680,00 kr/kW_a

Auk afls- og viðhaldskostnaðar greiði notandi stofnkostnað að fullu.

Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði að fenginni tillögu rafveitunefndar, sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins.

Lýsing þessi stýrist að jafnaði af stjórnbúnaði rafveitunnar.

2. 4,92 kr/kWh séu lampar ófasviksjafnaðir. Sjá lið 3.4 og 3.5.

B. Heimilisnotkun.

4,92 kr/kWh til heimilisnota, sjúkrahúsa, heilsuverndarstöðva, vistheimila, elliheimila og hliðstæðra stofnana.